

REGLUGERÐ

**um (17.) breytingu á reglugerð nr. 265/2010 um gildistöku reglugerðar
framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi
fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum.**

1. gr.

Ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2018, frá 6. júlí 2018, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/290 frá 26. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi glýsídýlfitusýruestra í jurtaolíum og fitu, ungbarnablöndum, stoðblöndum og matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru ætluð fyrir ungbörn og smábörn. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, frá 23. ágúst 2018, bls. 323.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. september 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 12. október 2018